

1705310

UMSÓKN um leigu á Strandgötu 4 í Hafnarfirði.

Sótt er um leigu á Strandgötu 4 í Hafnarfirði samkvæmt auglýsingu Hafnarfjarðarbæjar, dags. 19. maí sl. Umsókn þessi lítur að leigu á allri fasteigninni að Strandgötu 4.

I. Umsækjandi

Bæjarbíó slf., kt. 611116-0550, Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði. Forsvarsmenn félagsins eru Pétur Stephensen, kt. 220552-2849, Laugarásvagi 22, 104 Reykjavík og Páll Eyjólfsson, kt. 270366-3099, Strandgötu 39, 220 Hafnarfirði.

II. Samstarfsaðilar

Við höfum fengið öfluga og góða samstarfsaðilla í lið með okkur til að bæta mannlífið við Strandgötu.

Auðun Helgason, kt. 180674-5199, Norðurbakka 7a, 220 Hafnarfirði. Auðun lauk meistaraprófi í lögfræði og fullnaðarprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands í Reykjavík og fékk leyfi til að vera héraðsdómslögmaður í október 2014. Auðun hefur starfrækt Lögmannsstofu Auðuns Helgasonar á Höfn frá 1. september 2015. Kennitala félagsins er 620500-3050. Heimasíða lögmannsstofunnar er www.lah.is. Auðun býr á Norðurbakka 7A og ætlar sér að opna lögmannsstofu í Hafnarfirði í haust. Auðun sér Strandgötu 4 sem frábæran kost fyrir starfsemi sína.

Kári Eiríksson, arkitekt FAÍ, kt. 070365-4059, Gunnarssundi 5, 220 Hafnarfirði. Verkstæði Arkitekta ehf (AoK), sem er alhliða hönnunarfyrirtæki staðsett í Gunnarssundi 5, var stofnað árið 2000 af Kára og eiginkonu hans Alice Olivia Clarke, mósaíkhönnuði. Kári og Alice búa jafnframt í húsinu. Kári hefur mikinn áhuga á að flytja starfsemi sína í Strandgötu 4 og styrkja þannig sinn eigin rekstur og um leið mannlífið í miðbænum.

Prime ehf., kt. 640602-2790 hefur mikinn áhuga á að koma aftur í Hafnarfjörð en 8. Ár eru liðin síðan skrifstofan flutti úr Firðinum. Eigandi umboðsskrifstofunnar Prime er Páll Eyjólfsson. Prime umboðsskrifstofa hefur viðamikla og dýrmæta reynslu í tónlistar- og afþreyingariðnaðinum og eru hundruðir ánægðra viðskiptavina til marks um að gæði og reynsla eru mikil innan veggja Prime sem hefur marga af helstu listamönnum og skemmtikröftum þjóðarinnar á sínum snærum.

Dröfn Hreiðarsdóttir hefur rekið fyrirtæki (kt. 430402-3230) frá árinu 2002 sem selur íslenskan viðskiptahugbúnað sem fer fram yfir netið. Einnig hefur Dröfn hug á að reka persónulega og metnaðarfulla jógastöð á Strandgötu 4. Dröfn er með master í Evrópufræði

frá HÍ og alþjóðleg jógakennararéttindi frá Yoga Alliance, auk þess að vera meðlimur í jógakennrafélagi Íslands. Dröfn býr á Vesturgötu 18 og óskar eftir að starfa í Hafnarfirði.

III. Hugmyndir að starfsemi

Hugmyndin er að nýta allar þrjár hæðir hússins á mismunandi hátt. Á 1. hæðinni er hugmyndin að nýta húsið samhliða Bæjarbíói til að taka á móti fleiri gestum og bæta aðstöðu til að geta bætt þjónustu við gesti og að upplifun gesta verði áhrifameiri. Nauðsynlegt er að stækka anddyri Bæjarbíós til að bæta aðgengi gesta.

Það er ljóst að menningarhúsið Bæjarbíó þarf á auknu rými að halda frá Hafnarfjrðarbæ til að fá fleiri salerni fyrir gesti og þá sérstaklega fyrir fatlað fólk, að öðrum kosti fær menningarhúsið ekki starfsleyfi. Því er það ákæflega mikilvægt fyrir starfsemi Bæjarbíós að hægt verði að samnýta jarðhæð Strandgötu 4 við anddyri Strandgötu 6. Með þessum hætti mun Hafnarfjarðarbær leysa að fullu það sem hamlar starfseminni þ.e.a.s. salernisaðstaða sem er allt of lítil fyrir bæði kyn og fatlaða.

Það hlýtur að vera sameiginlegur vilji okkur allra í Hafnarfirði að ganga fram með góðu fordæmi og uppfylla þarfir fatlaðra og skyldur stjórnsýslunnar varðandi málefni fatlaðra. Með samnýtingu rýmanna þá erum við komin með fullnægjandi salernisaðstöðu og að sjálfsögðu aukið rými til að taka á móti gestum Bæjarbíós með sóma. Þetta gefur færi á að bæta við 26 stólum sem eru til í salinn. Þá eru sætin orðin 281 sem veitir ekki af þar sem hróður og vinsældir Bæjarbíós eykst mánuð frá mánuði eftir að núverandi rekstraraðilar tóku við húsinu.

Á jarðhæðinni verður hluti af rýminu innréttar sem „bar“ sem verður opinn í tengslum við viðburði í Bæjarbíói. Opnað verður á milli Bæjarbíós og Strandgötu 4 og verður gengið inn um aðalinngang Bæjarbíós. Þar geta gestir keypt sér drykki fyrir viðburði í Bæjarbíó í „kósí“ umhverfi. Hugmyndin er að aðeins verði opið fyrir gesti þegar viðburðir eru í Bæjarbíói. Við erum í samvinnu við arkitekt um að teikna rýmið þar sem lögð verður áherslu á að viðhalda útliti og sögu hússins. Rætt hefur verið við minjavörð sem hefur gefið jákvæða umsögn um að opna á milli Bæjarbíós og Strandgötu 4. Hugmyndin er ekki að hafa „barinn“ opin utan viðburða né fram yfir miðnætti.

Við rekstraraðilar Bæjarbíós óskum eftir viðræðum við Hafnarfjarðarbæ um að þjónusta **Tourist Info** á móti þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar til að þjónusta innlenda og erlenda ferðamenn um t.d. sögu álfabyggðar í Hafnarfirði og búa til andrúmsloft og aðráttarafl sem eftir verður tekið.

Á 2. hæðinni er markmiðið að hafa fjölbreyta starfsemi minni fyrirtækja og einyrkja. Samstarfsaðilar okkar, Auðun Helgason, héraðsdómslögmaður, og Kári Eiríksson, arkitekt,

verða með sína starfsemi á 2. hæðinni. Auðun og Kári þurfa skrifstofur fyrir sig og aðra starfsmenn. Þeir áætla hvor u.p.b. 40-50 m² fyrir sína starfsemi. Þá eru lausar skrifstofur fyrir aðra starfsemi. Hugmyndin er að Dröfn Hreiðarsdóttir verði einnig með starfsemi sína á hæðinni.

Á 3. hæðinni verður umboðsskrifstofan Prime með starfsemi sína en umboðsskrifstofan flutti úr Hafnarfirðinum fyrir 8 árum síðan. Möguleiki er á útleigu hluta af hæðinni til listamanna og frumkvöðla sem vilja vera staðsettir í hjarta Hafnarfjarðar.

IV. Fjölbreytt starfsemi til framtíðar

Á stuttum tíma hefur okkur rekstraraðilum Bæjarbíós tekist í góðu samstarfi við bæjaryfirvöld í Hafnarfirði, að koma lífi í Bæjarbíó á nýjan leik. Bæjarbíó var um langt skeið einn helsti samkomustaður hafnarfirðinga. Markmið okkar er og verður áfram að hefja Bæjarbíó aftur til vefs og virðingar. Með endurbótum og bættri aðstöðu fyrir gesti mun starfsemin í húsinu standast nútíma kröfur. Lögð verður áhersla á að halda í gamlar hefðir og bera virðingu fyrir húsinu. Við teljum afar mikilvægt að menningarstarfsemi fái áfram að vaxa og dafna í hjarta Hafnarfjarðar. Til að stuðla að þeirri þróun áfram er ekkert stærra og betra farmfaraskref í þeim málum en að tengja Strandgötu 4 við Bæjarbíó og starfsemina í húsinu. Hugsun okkar er að byggja upp einskonar klasasamstarf í Strandgötu 4 til að efla þjónustu og nýsköpun í Hafnarfirði. Oftar en ekki verða mikil samlegðaráhrif, kraftur og metnaður þegar lítil og meðalstór fyrirtæki með fáa starfsmenn koma saman. Með samstarfi og stuðningi er markið að gera litlum og meðalstórum fyrirtækjum í Hafnarfirði kleift að eflast og styrkjast sem skilar svæðinu mikilvægum verðmætum. Fjölbreytt atvinnustarfsemi ólíkra aðila á Strandgötu 4 er til þess fallin að styðja við aðra starfsemi á svæðinu. Við treystum á að bæjaryfirvöld í Hafnarfirði séu á sama máli og við hvað varðar framtíð Bæjarbíó og Strandgötu 4.

Það er einlæg ósk okkar allra að umsóknin verði tekin til greina og fái sanngjarna umfjöllun. Jafnframt erum við tilbúnir að koma á fund þeirra er málið varða og gera frekari grein fyrir hugmyndum okkar.

Ef kemur upp „mygla“ í húsnæðinu þá viljum við hafa þann fyrirvara að það sé alfarið á ábyrgð húseiganda.

V. Leiguverð

Hugmyndir okkar um leiguverð er kr. 600-800 pr. fermetra, að undanskildum kjallara hússins sem ekki er leiguþæfur.

Hafnarfjörður, 21. júní 2017

f.h. Bæjarbíós slf.

Petur Stephensen

f.h. Bæjarbíós slf.

Páll Eyjólfsson

665 - 0901

Samstarfsaðilar:

Auðun Helgason

Auðun Helgason

Kári Eiríksson

Dröfn Hreiðarsdóttir

Dröfn Hreiðarsdóttir